

Gjörðabók byggingarnefndar 1884-1898

Aðfnr. 7043

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók byggingarnefndar
1884
:
1898

.077.5 - .785.075.15

Aðfnr. 7043

Byggingarnefndar

Byrjuð 2/4 1884

Endud 27/4 1898.

Reykjavíkur kaupst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Bayerische Staatsbibliothek / Digitalisierungszentrum Kyikur

SKJALA- OG MINJASAFN
70 43
REYKJAVÍKURBÆJAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/8 - 85 -

14/11 - 89.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þók þessi, sem er 302 — þrjú hundruð og tvær — blaðsíður að tölu, gegnumdregin og innsigluð með Signeti Sudur Amtsins, löggildist hjermeð sem

Byggingarnefndarbók

fyrir Reykjavíkur Kaupstað.

Íslands Sudur Amt, Reykjavík, 2. Apr. 1864.

S. S.

Magnús Stephensen
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

657

Ár 1884 hinn 2. apríl átti byggingarnefndin fund med sér og var par pá tekid fyrir:

1. Beidni dags. 1. apríl, frá tresmid Sigurdi Amasyni um ad fá ad byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt í Pinghoits-stræti fyrir sunnan hús Jóns Símonarsonar. Var pad leyft af byggingarnefndinni uppá væntanlegt samþykki læjarstjórnarinnar.

2. Beidni dags. 29. f. m. frá Jóni Símonarsyni parsens hann beidist ad fá ad byggja hús 13 álna langt og 10 álna breitt í í nedri röd húsanna í Pinghoitsstræti, en pri var nitad med pri byggingarnefndin ekki fyrst um sinn vill láta byggja fyrir sunnan lód Ambjarnar Ólafssonar vitavardar fyrir sunnan hina fyrirhugadu prumlengingu á Skalholtskots eda Stódlakotsbrunni, en fyrir nordan pessa prumlengingu og sudur af lód Ambjarnar vitavardar var eigi eins stórt plágg og beidandinn vill hafa.

Fundi sagt slitid

Eltsjónasson Pinnen Eiríkur Brilm.

Egilsson Rasmussen Helgi Helgason

658

Ár 1884 hinn 17. apríl kom byggingarnefndin saman og var pár fyrirtekid:

1. jámsmid Þorsteini Tómássyni leyft ad lengja hús sitt í hækjargötu um 7 til 8 álnir til sudurs med pri móti ad hækjarkot verdi algjörlega nidr-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rifid mi þegar; annars getur byggingarnefndin eigi leyft þorsteini ad hugja hús sitt á hinn umbeidna hátt

2. kom byggingarnefndin saman hjá húsi Sigfúsar Eymundsonar í Rædjargötu, ~~og~~ hafdi hann í bréfi dags. 26. f.m. beidst „ad byggingarnefndin vildi yfúlíta og segja álit sitt um hversu mikid hann mætti bæta vestan vid hús sitt langs med Austurstræti". Nefndin álit ad hún eigi gæti leyft honum ad byggja nokkrar álnir vidbót vid hús sitt til vesturs, þarad sú vidbót kæmi í bága vid byggingar~~nefndar~~ löpin frá 29 Mai 1839, er fyrirskipa ad minnsta kosti 10 álna millibil milli húsa er standi sitt á hverri lód, en mikid vantar á ad svo stórt millibil verdi frá þessari fyrirhugudu vidbót Sigfúsar vid hús hans ad húsi nágrannans fyrir vestan hann í Austurstræti og þótt Sigfús bydist til þess ad vid hafa eldfastan vegg þann, er snerri ad lód nágranna hans ad vestanverdu, álit nefndin ad hennni væri óheimilt eptir byggingarlögunum ad leggja þad til ad Sigfús gæti fengid ad byggja á þann hátt vid hús sitt, er mi hefir verid frá skýrt. Auk þess skal þad tekid þann ad Sigfús eigi gat sýnt nefndinni skilríki fyrir þí ad Nábúi hans ad vestanverdu hefdi samþyrkt ad hann mætti byggja nær lód hans en í 5 álna fjarlægd.

3. Eptir beidni frá nefnd þeirri, sem stendur fyrir

© Borgarskialasafn Reykjavíkur

byggingu hins fyrirhugaða sjúkrahúss í túni Jónsímasonar tók nefndin plátz 7 álna breitt fyrir vestan húsið af túni Jóns Ámasonar fyrir gangrúm med byggingunni og til afnota mi þegar fyrir þá mun, er vinna eiga ad byggingu spítalans Gjald fyrir þessa lódarspildu sem verdur um 30 álnir á lengd og 7 álna breit ber ad borga til túneigandans á sama hátt og fyrir þá hina adra lód, er tekin hefir verid af túnum til spítalabyggingar þannig ad túneigandinn fær tiltólulegan afslátt í afgjaldinu eptir túnid í bæjarsjód eptir flatarmáli. Jón Ámason var vidstaddr og þenn samþykkr.

Frekara eigi fyrirtekid. Fundi slitid.

Eltsjónasson Rönnkranz

O. Finsen Helgi Helgason

Med heirri athugasemd vidvíkjandi Nr. 3 ad eg tók ovr eptir, ad talad væri um, ad Jón Árnason fengi endurgjald eptir óvilhallra manna mati; Eiríkur Briem.

659

Ár 1884 hinn 23. apríl kom byggingarnefndin í Reykjavík saman á lód herra landlækni G. Schierbecks hér í bænum eptir beidni frá photograph Sigfúsi Eymundssyni dags. 22. þ. m. Tjáist hann hafa pakkhús landlæknisins og lód af honum ~~og~~ keypt og biden þá sér útmælda af byggingarnefndinni þessa lód og álit hennar um hvernig þad hús, sem hann vilji byggja á þessari lód, skuli standa. Hann tjáist nefnilega vilja sníra vid þá húsi er nú standi nyrdst á lód landlæknisins vid Vallarstræti þannig ad þad núni gófluni í austur og vestur og byggja þad med kámu kjallara undir, lagtegt og snoturt, 12 eda 13 álnir á lengd

Sbr. fund 10 júlí (Blo. IV) Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og 12 álna breitt. Lóð sú er hann hafi keypt af landlæknunum sö frá N. til S. reiknad frá Vallarstræti frá horninu á stakkítti P. Melsteds 25 álna og frá A. til V. 17½ alin. Emfremur gat Sigfús þess ad hús þetta, er hann vill byggja á ádurgrinda lóð eigi med ánöttur-gaflinn ad standa í 1 álnar fjarlægd frá „plankaverki" P. Melsteds procuratori sem á lóðina fyrir austan Schiubecks lóð og viðurkennd. P. Melsted, er var tillkallaður ad vera vid þessa útmælingargjörd, ad þad væri samþykkt af sö. Byggingarnefndin hafdi af sinni hálfu ekkert ámöti þeí ad þetta fyrirhugada hús Sigfúsar stædi á þessum tilgrinda stad og smíri einn og hann hefi beðid um, med þí þad þá er í fullkomlega löglegum fjarska frá húsum þar í grend á allar hliðar, en med þí húsid ef þad er byggt svona verður ad standa 3 2/10 ár feti innar en sú lína afmarkar sem dregin er beint á milli beggja hornhúsanna á Vallarstræti (nfl. Kvennaskólahússins ad austan og húsi frú Jóh. Þorleifsdóttur ad vestan), þarer þad ef þad stædi beint í línunni, sem nú var nefnd. med bædi gaflhorn sús ad einn er í 16 8/10 fets fjarska frá geymslahúsum Rafns Sigurdssonar og veitingamanni Halbergs ad hinni megin vid Vallarstræti og þannig nær þessum 2 húsum en lögin fyrirskipa, þá þótti Sigfúsi Eymundsyni þad vera lýti á götunni ad húsid stædi svona innanlega og fór þí þeir á flot ad byggingar-nefndin vildi leyfa sér ad byggja húsid svo framarlega ad þad stædi í sömu línu og hin ádur greinden endahús Vallarstrætis, en endaþótt nefndin verdi ádáleta

að pétri væri hið fallegasta, áleit hún sig vanta heimild til að veita það, en vísaði í því tilliti til úrskurðar Amtsins, enda kvaðst Sigfús ilja, ef það eigi fengist, byggja húsið 3¾10 fetum innar frá Vallarstræti svo millibilið til nágranna hússins gæti orðið 10 álnir. Að öðru leyti gat Sigfús því að skaðlausu, ef til vill, afhent í kjallaranum að hafa jámsmiðju, en sjálfsagt þó umbúnað að öllu leyti eftir fyrirsögn lögreglu; neyðist hún þá í því tilliti frem að, ef svo yrði, mætti þá ei smiðjuna hefja, ekki láta neitt járn eða þess konar liggja á götunni við húsið og ekki þar látá járna hesta, sömuleiðis að innganginn í kjallarann yrði að vera á vesturgaflinum og undirgöngin í Sigfús þá ekki nota. Innganginn í sjálft húsið vildi nefndin að væri í gaflinum austanverðum og lofaði Sigfús því einnig að svo skyldi vera.

2. Landlæknir Schierbeck beiddist leyfis að mega byggja austast á sinni lóð fyrir norðan íbúðarhús sitt geymsluhús með flötu paki fyrir, 10 álna langt og 5 álna breitt, og leyfði nefndin það, þó að tilskildu samþykki nágrannans að austan að svo miklu leyti húsið stendur í minni fjarlægð frá óbyggðri lóð nágrannans að austan en 5 álnir, en Sigfús Eymundsson samþykkti að húsið mætti byggja fast upp að hans óbyggðu lóð, og verður þetta geymsluhús eigi að vera í meira en 10 alna fjarlægð frá húsi því, sem Sigfús hefir verið leyft að byggja með Vallarstræti.

Fundi slitið

Friðrik Eiríkur Briem.

Eiríkur Briem.

Eiríkur Briem.

660

Ár 1884 h. 10. Mai átti byggingarnefndin fund med sér í Kaplaskjóli og var þar þá fyrir-tekið:

1. Jóni Jónssyni frá Cálsbæ á Seltjarnarnesi, er nú hefir fengið hér bæjarleyfi, var leyft að byggja bæ 12 álna l. og 6 álna breiðan fyrir vestan bæ Sveins Gudmundssonar og var öll sú lóð er honum var útmæld og sem er áfóst við lóð Sveins 52 álnir frá Austr til Vesturs og 97½ alin frá N. til S.

2. Rögnvaldi Teitssyni mæld út lóð 40 áln. frá A. til V. og 55 áln. frá N. til S. og þeirari lóð leyft að byggja bæ med steinveggjum, er súni einn og hinir bæjirnir í Kaplaskjóli nfl. göflum frá N. til S.

3. Árna Árnasyni mæld út lóð rétt fyrir austan lóð Jóns Þórðarsonar í Kaplaskjóli og áfast við hana 50 álnir frá N. til S. og 30 álnir frá A–V. og á þeirari lóð leyft að byggja bæ 12 álna l. og 6 álna breiðan

4. Mæld upp lóð Pjeturs Jónssonar í Kaplaskjóli, er liggur rétt fyrir vestan lóð Jóns Þórðarsonar; lóðin öll er frá N. til S. 37½ alin og frá A–V. 25 alnir. Bærinn stendur á lóð þessari og er á lengd 12½ alin og breidd 8½ al., en frambærinn 12½ al. og breidd 7½ alin.

5. Mældur kálgarður er Joh. Arnason í Móakoti hefir búið sér til í vetur hjá bæ sínum og var frá A–V. 34½ al. en frá N. til S. í eystra homið (sc. að austanverðu)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

35 aln. og vesturhlidin 22½ alin. Svo var og Jóhanni leyft ad hann mætti lengja bæ sinn til norduss um 3 álnir.

Frekara eigi fyrir tekid.

Helgi Helgason
O. Finnen
Eltsjónassen

661

Ár 1884 hinn 21. Mai átti byggingarnefndin fund med sér og var þar þa fyrirtekid:

1. Jóni Ólafssyni utstjóra mældur úti vidauki vid lód húss hans i Ingólfsstræti („Eyþórs hús") ad austanverdir 43 fet á lengd og 5 fet á breidd (lengdin midud frá norduhlid hússins). Einning var honum leyft ad byggja inngóngurskúr 5½ fet á hvern veg vid norduaustuhornid á nefndu húsi og ad mega lengja skúr þennan, ef honum svo sýndist med ällum austurgaflinum á húsinu. Þá var og sama manni leyft ad byggja salerni sydst á lód sinni 3 alna langt og 2 alna breitt á lódartakmörkum og leyfdi eigandi lódarinnar fyrir sinna Anna Gudmundsdóttir ad hús þetta mætti standa fast upp ad hennar lód og er þad þá i 5 álna fjartægd frá nordaustuhorni bæjar hennar; útaf þessari fjartægd hleifdi 1 úr nefndinni (Egilson) þés ad þad mundi eigi vera lögum samkvæmt ad leyfa ad salerni þetta stædi nær en 10 álnir frá Bjargarlód, en hinir i nefndinni álitu ad svo lítid hús, er hægleja mætti flytja eda rífa niður, ef eldur kæmi upp, ekki naudsynleja þyrfti ad standa i 10 álna fjarlægd frá húsum nágrannans, en Jóni Ólafssyni var tilkynnt þad, ad hann yrdi ad flytja salernid lengra inn á lód sína, ef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

antið skyldi krefjast þess sem skilyrði fyrir
að samþykkja útmælingunna, að hús þetta eyrði sett
í 10 álna fjarlægð frá húsi nágrannans.

2. Gudna Gudnasyni í Hallholti leyft að byggja bæ sinn
til austurs um 4 álnir (breidd bæjarins er 8 áln.) og
jafnframt að færa út kálgarð sinn til austurs um
4 álnir; verdur kálgarðurinn þá að stærð frá N.-S.
24 álnir og austri til vesturs = 28 álnir.

Frekara eigi fyrirtekið. Fund sagt slitið.

Eltr Jónassen Eiríkur Briem. O. Finsen

Egilsson Rosenkranz Helgi Helgason

662

Ár 1884 hinn 14. júní átti byggingarnefndin fund med
sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Ambrini Ólafssyni leyft að byggja inngöngurhús við
suðurhlið húss hans í Þingholtsstræti og um-
fremur mæld út lóð 20 álnir á lengd medfram
Þingholtsstræti suður af lóð þeiri, er hann þyar
hefir þar fengið útmælda, sem nádi ~~5~~ áður 5
álnir suður frá húsi hans; þessar 20 álnir voru
honum útmældar að áskildu samþykki bæjar-
stjórnarinnar og med þú skilyrði að hann innan
2 ára hefdi þar byggt íbúðarhus eigi minna en
10 álnir á hvorn veg.

2. Steindóri Jónssyni frá Grímsstadaholti mæld út
lóð að vestanverðu við Klapparstíg (~~[illegible]~~) fyrir
sunnan Steinstada-garðinn 25 álnir frá N. til S.
og 30 álnir frá A.-V. og honum leyft að byggja
þar med fram veginum hús 12 álna langt og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 álna breitt er snúri einer og hin húsin med veginum og standi í 5 álna fjarlægd frá honum.

3. Þórarni Þórarinssyni á Þórarinsstöðum í Skuggahverfi út mæld lóð 30 álnir í hvort horn ad medtöldu þó rúmi er bæ sá stendur á, sem hann er ad byggja.

4. Kristjáni Gudnasyni á Akurgerdi út mæld lóð undir kálgard vestanvert vid bæ hans 30 álnir frá nordri til suðurs og 40 álnir frá austri til vesturs.

5. Helga Teitssyni mæld út lóð í Hlíðarhúsalandi fyrir vestan lóð Jóhannsgudmundssonar 30 alnir frá í hvort horn og honum leyft ad byggja hús 10 álnir á hvorn veg á þessari lóð í línu vid hús Jóhannsgudmundssonar.

6. Jóhanni Gudmundssyni frá Hól mæld lóð á Hlíðarhúsalandi med húsi þó er hann par hefir fengid leyfi ad byggja þannig ad ölt lóð hans ad medtöldu rúmeinu undir húsi hans verdi frá A. V. 30 álnir og frá N. til S. 29½ alin.

Frekara eigi fyrir tekid.

fundi sagt slitid

Ellsjónassen

Eiríkur Briem.

O. Briem Egilson

Helgi Helgason

663

Ár 1884 hinn 5. august átti byggingarnefndin fund med sér og var par þá tekid fyrir ad yfirvega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hversu mikid gjald ad eigi ad borga P. C. Kundtzon & Son fyrir hverja □ alin af þeim lód, sem hann hefir látid bæinn fá af stakkstædt sínu fyrir austan hid stóra pakkhús sitt nordanvert vid hafnarstræti beint upp undan byggjum þeim, sem hafnarsjódur hefir látid byggja í fjörunni. Svædi þellta er ad stærd frá austri til Vesturs 18 álna og frá N. til S. 33 álnir og kom nefndinni sinnan um ad mátulegt verd fyrir hverja □ alin af þinari lód væri 50 aurar og verdur svo þessi uppastínga byggingarnefndarinnar borin undir samþykki Amtsins.

Fundi sagt slitid

Eltsjónasson

Egilsson Helgi Helgason

664

Ár 1884 hinn 13. august átti byggingarnefndin fund med sér og var þar þá tekid fyrir:

1. Ólafi Þorkelssyni á Grund í Þingholtum mæld út lód og er hún frá N. til S. 21 alin og frá A. til V. 30 álnir ad medtöldu þvi plázi er hús hans stendur á (sjá fund 31. janúar þ. á.)
2. Gudrúm Jónsdóttur á Bergi leyft ad byggja steinhús 11 álna langt og 8 alna breitt ad nokkur leyti á eigin lód í beinni stefnu sudur af húsi Sigurdar Haussonar; eiga gaflar á þvi húsi ad sína N. og S.
3. Hannesi þóst Haussyni í Steinsholti eystra eptir beidni í bréfi dags. 1. september f. á. mæld út lód í holtinni fyrir ofan og sunnan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæ hauss. Austurröndin á þessari lóð er úr
stórum steinum við Balds-stíg er ber beint í
annan stórum stein þar norðurafl og í lítið
tóptarbrot fyrir vestan Valgardsbæ og svo þáð-
an beint í grjótgarðinn á fem tákmarkar
lóð Guðrúnar á Bergi að sunnan. Útmæling þessa,
sem byggingarnefndin stringur uppá að verð-
tit vifðafesta með vanalegum kjörum, heyrir undir
bæjarstjórnina að sámþykkja. Þess skal getið að
svæði þetta er á lengd frá N. til S. austast 132 álnir
og í norðurendann frá A. til V. 20 álnir og í suður-
endann hér um bil 28 álnir.

4. Mæld út á lóð hins nýja sjúkrahúss lóð undir
útihús (líkhús &c.) 10 alna langt og 8 alna breitt
sem á að slánda austast á lóð sjúkrahúsinar
jafnhlíða sjúkrahúsinu 1 alin frá vesturendanum
á kalgarði Zakkariasar Ámafonar á Bergi, er
var viðstaddur og sámþykkti að hús þetta mætti
byggja svo nærri lóð hauss, sem mí var sagt.

5. Torfa þórðarsyni tómthúsmanni leyft að byggja
hús á Hlíðarhusalandi fyrir vestan, lóð þá er
Helga Teitssyni hefir verið mæld þar út; mát
á þú húsi er óákveðið ennþá, en ölt lóðin
sem hann fær er frá Austri til Vesturs 30 álnir
og frá N. til S. 30 álnir og ber þá vesturröndin
á lóðinni í beina línu við vesturgaflinn à
Ámunda-húsi þar fyrir ofan.

6. Sigurði Sigurðssyni frá Bræðraboy leyft eptir
beiðni hans dags. 16. júní þ. á. að byggja
hús vestast í ofangrindri húsaröð þannig
að vesturendinn á lóð hans sem er 30 álnir í hvort horn sé 40 álnir frá austur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

röndinni á vegi þeim, sem frá Hlíðarhúsavegi liggur ~~frá~~ til norðurs að Bakkabæjar-vatnsbóli.

Frekara eigi fyrirtekið.

Helgi Helgason

Egilson

665

Rosenkranz

Pundi sagt slitið

Eliasjónassen

Viðstaddur aðeins Nr. 1–4. Eiríkur Briem.

Ár 1884 h. 25. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefnd Reykjavíkur og var þar þá tekið fyrir að

1.) ákveða stefnu á húsi þú er konsul M. Smith var leyft að byggja 11. júní f. á. á stakkstæðinu fram undan „hótel Alexandra", og var nú sú ákveðið af nefndinni að austurendinn á húsi þessu stæði jafnlangt niður í fjöruna og kola-hús það er nú stendur á lóð konsúlsins austanvert við ganginn ofan á bryggju haus, og jafnframt skyldi hús þetta ganga til vestur í réttu hlutfalli við bugðuna er væri á göhunni fyrir ofan (hafnarstræti).

2. Kom nefndin saman á lóð trésmiðs Rumólfs Sigurðssonar í Stöðlakoti, er beiddist að mega byggja á lóð sinni milli húsa Jóns bókavarðar Arnasonar að sunnan og prestaskólakennara Eiríks Briems að norðan hús er snæri gaflinum út að göhunni, 8 alna breidt og 12 álna langt, en að hafa gaflinn þannig lagaðan að hann liti út eins og framhlið á húsi. Svæðið á milli nefndra tveggja húsa er að neðan (vestast)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8 3/4 al. en austast 25 álnir; ~~á bre~~ verdar þú frá eystra enda hússnir (austurgaflsnir) 8½ al. beggja vegna til húsa nágrannans og vill byggingarnefndin mid sústaklega tilliti til at annad (s: sydra) nágranna-húsid er skinhús, leggja þad til at Rundólfar fái at byggja hús, einir og hann hefir bedid um; þad skal tekid fram at þetta fyrirhugada hús á ad verda med bindingi ú timbri.

Frekara eigi fyrir tekid.

Helgi Helgason

Fundi slitid

Ellsjónassen

Eiríkur Briem.

P. Briem

Rosenkranz

ósamp. m. No 1.

666

× Á 1884 hinn 29. apríl kom byggingarnefndin saman hjá húsi Kristínar ekkjer Bjarnadóttur til þess eptir beidni kaupmanns Þorláks Ó. Johnson ad mæla honum þar út undir hús, er hann ætlar til ~~pakkhúsi~~ fjóss og hey-hlöda. Byggingarnefndin leyfdi honum ad byggja þetta hús sunnan til í gardinum fyrir vestan nefnt hús Kristínar Bjarnadóttur áfast vid skúr á ~~lód~~ nágrannans ad sunnanverdu (sóra Helga Hálfdanarsonar), en ef þad eigi gæti ordid, þá yrdi húsid ad standa í lögskipadri fjarlægd frá húsi nefnds nágranna. Stærd hússins gizk adi Þorláksi Johnson ad yrdi 8 álnir á lengd og 7 á breidd en bad þad mælt sídar.

Frekara eigi gert. Fundi slitid.

Helgi Helgason

Ellsjónassen

Egilsson

P. Briem

Rosenkranz

× þetta hefir glyrnt ad færa inn ad [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Á 1884 hinn 10. júlí var eptir beiðni frá Sigurði Jónssyni snúð fundur haldinn af byggingarnefndinni hjá húsi hans í Vallarstræti. Mættir vorn þar auk formannsins Helgi Helgason og O. Rosenkranz. Var Sigurði leyft að byggja skúr nuð nær þrí flötu þaki sydst á lóð sinni áfastan við gegnsluskúr Schierbecks þar fyrir sunnan 10½ al. á lengd og 3 álna á breidd og einning var honum leyft að byggja útgöngnskúr á suð vestur-horninu á húsi sínu 2 álnir á hvern veg, er sé kræktur að húsinu, nuð þrí eigi er fullkomlega 10 álnir frá honum að skúr þinn, er sydstur er á lóðinni uppað skúr nágrannans.

Frekara eigi gert. Fundi slitið.

Ellsjónasson

Rosenkranz

× þessi fundur er af vangá bókaður of sinnt.

Ellsj.

667

Ár 1884 hinn 23. september átti byggingarnefndin fund med sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Einari Ólafssyni leyft að byggja bæ í þingholtum nuð steinveggjum á milli bæja Sig. Bjarnasonar og Ólafs Þorkelssonar 12 álna á lengd og 8 álna á breidd í á bær þessi að sníra einir og nefndir bæir.

2. Magnúsi Þórðarsyni á Litlabergi synjað um lóð þá er hann biður um í bréfi 18/8 nuð þrí nefndinni þótti þar fallegt húsastæði, en hann vildi fá lóðina til Kálgarðaræktunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.) Isaak Ingimundssyni í Klappacholli var leyft ad byggja hesthús utanvert vid nordaustur hlid á Kálgardi hans. med pri skilyrdi ad hann yrdi ad taka pad burtu, ef pad kæmi í bága vid sídari útmælingar undir hús. —

4. Lagt fram bréf frá Jóni Símonarsyni dags. 17 júni p. á. um útmælingu undir hús í túni Einars Jónssonar fyrir sunnan hús vitavardarins. Nefndinni kom saman um ad ekki væri hægt ad mæla út petta húsastædi fyrr en afstungin væri sú framlengning upp yfir hús Einars sem fyrirhugud er á götunni er (gengur) (gekk) frá Læknum uppa ad Stödlakoti. —

5. Trésmid Rúnólfi Sigurdssyni leyft ad byggja hús 12 álna langt og 10 álna breitt í kálgardi sínum vid Stödlakot fyrir sunnan hús Jóhannesar Oddssonar, í 10 álna fjarlægd frá húsum nágrannanna, en frá pessu húsi nordaustanverdu er eigi nema 9 3/4 al. upp ad bæ Rúnólfs sjálfs, er hann á og hann kvadst réfa nú hid fyrsta.

6. Mældi byggingarnefndin upp lódina frá sudurende Klappar-vegar ad austanverdu ofan ad bæ Magnúsar Einarssonar og reyndist hún vera 49 alnir frá nordurhlid á húsi pri er Hermann Andrésson er ad byggja; (Mitt) á milli bæjar Magnúsar og húsi Hermanni var Steindóri Jónssyni samkvæmt beidni hans í bréfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans 19. p. m. leyft ad byggja 12 álna langt og 10 álna breitt hús; ad öðru leyti var lóðinni skipt þannig ad Steindór skyldi eiga norðan fyrir hús sitt 14½ álnir ÷ 5 álna (= 9½ álnir), en suðan fyrir 9¼ álnir og Hermann einnig 13½ al. norðan fyrir hús sitt.

7. Þórði Zoëga á Hlíðarhúsavegi leyft ad byggja pakk hús á eigin lóð 8 álna langt og 6 álna breitt.

8. Stefáni Þórðarsyni á Hlíðarhúsavegi leyft ad byggja hús 10 × 10 vestanvert vid hús Gunnars Gunnars sonar norðanvert vid Hlíðarhúsaveg og var ett sú lóð er honum var útmæld med fram Hlíðarhúsaveginum frá A. til V. 25 álnir og frá N–S. jafn langt niður og hinir adrir búendur norðanvert vid Hlíðarhúsaveginn hafa fengid.

9. Ánna Jónasyni i Ráðagerði á Selsholti leyft ad byggja hjall á eigin lóð fyrir austan hús sitt 6 álna langt og 5 álna breiðan.

10. Halberg leyft ad byggja skúr vid suðurhlid á hótelli þínu 5 álna langan og 3¾ al. breiðan.

Fundi sagt slitid

Ell. Jónassen

Eiríkur Briem.

Jónasson Egilson

lóðargjalda-skráin

668

Á 1884 hinn 24. sept. átti byggingarnefndin fund med sér. Var þá fyrirtekið eptir beidni frá faktor Ólafi Ásmundasyni fyrir hönd stórkaupmannes J. P. T. Bryde ~~ad~~ dags. ígær að mæla út grunn undir framlengingu á sölubúð hans að norðanverðu við hafnarstræti 8½ alin til austurs fast að stakkstæði verzlunar Súnons Johnsens, og var hevra Steingrímur Johnsen við staddur þessa átmælingu og lýsti þá yfir, að ekkjá Súnonar Johnsen leyfði að Bryde mætti byggja fast að nefndu stakkstæði. Að þá þvínæst Bryde vill hola lóðina fyrir norðan sölubúð sína á móti fjörunni þá var það leyft að hann að vísu mætti girða hana, en svo framarlega sem bæjarstjórnin, eins og talað hefir verið um, skyldi vilja leggja göhn austur eptir milli fjörunnar (sjáfarins) og stakkstæða þeirra er nú eru, eda eptir stakkstæðunum, er nú eru, ú sundinu, sem nú er fyrir norðan hinn ~~a~~ umgirtu lóð ~~a~~ Kaupmanns Bryde og Bryggjuhússins, þá yrði Bryde að láta af hendi endurgjaldslaust þá lóð, er hann nú fær fyrir norðan hina núverandi lóð sínar í fjörunni.

Frekara ekki fyrirtekið. Fundi sagt slitið.

Ellyjónasson

Eiríkur Briem.

Bergmann Egilsson Ó. Finnen

669

Á 1884 hinn 9. oktober átti byggingarnefndin fund med sér og var þar þá tekið fyrir eptir beidni frá þórði Markússyni frá þormóðsstöðum að mæla hon-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um át lód austanvert vid hinn nýja veg, er liggur frá Gördunum og norðurá Melana, til þess ad byggja þar hús úr steini og til túnrækt-unar. Nefndin stakk uppá þrí ad 40 álna breid spilda væri látin vera aud nedfrum grindum vegi ad austanverdu, ef menn sídar kynni ad vilja byggja hús med þessum vegi, en ad þórdur mælti fá í 5 álna fjárlægd frá þessum 40 áln. 70 álnir til Austurs og svo frá N. til S. 120 álna-eda lód ofan rundir (s: í 5 alna frá) þann veg sem menn hafa hugsad sér med túnanum-búinn til fyrir sunnan húsin á Grímsstaða-holti og austur eptir ~~ep~~ allt ad Skildinganes-veg-inum. Útmæling þúri liggur rundir sam-þykki bæjarstjórnarinnar.

Frekara eigi tekid fyrir.

Fundi sagt slitid

Ellr Jónassen

Egilsson

Helgi Helgason

670

Ár 1884 hinn 1. nóvemb. átti byggingarnefndin fund med sér og var þá fyrir tekid:

1. Jóhannesi Jónssyni snikkara í Kirkjugardstræti leyft ad byggja geymslutúrs fyrir vestan hús sitt 9 álna langt og 9 álna breitt, og umfrenner sal-erni 4 álna l. og 2 álna br.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2) Magnúsi Ólafssyni trésmid leyft ad byggja gegenslug sundahús í Grjótá fyri vestan íbúdarhús sitt 12 alna l. og 9½ alna brutt; á hús pettu ad smía göflum austan og vestur og má eigi standa lengra fram ad Grjótagötu en í beina línu vid íbúdarhús Magnúsar Ólafssonar. Einnig áskildi byggingarnefndin ad hús pettu eigi stædi nær lód nágrannaer fyrir sunnan (yfirdómara L. E. Sveinbjörnsons) en í 5 álna fjarlægd.

3. Einari Einarssyni mæld út lód 5 alnir í nordur og 5 aln. í sudur frá húsi haus vestanvert vid Brædraborgarstíg og auk pess préhyrning fyri vestan húsid álnir.

4. Markúsi skipherra Bjarnasyni leyft ad byggja skúr sunnanvert vid hús sitt í Læknisgötu 3 15" áln. lang og 5½ áln. br.

5. Magnúsi Gudnasyni leyft ad byggja skúr á sudurhlid húss haus vid Skólavórduveg á l. 3 aln. 21 puml. og á breidd 4½ al.

6. Gunnari trésmid Gunnarssyni leyft ad byggja skúr vid nordurhlid húss pess, er haun er ad byggja vid Vegamótabrú 2½ al. á lengd og 3 áln. á breidd.

7. Helga trésmid Helgasyni leyft ad byggja ofan á hús sitt í Þingholtsstræti og ad breidka pad um 1½ alin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.) Gudmundi Einarssyni vid Steinstadastig leyft eptir beidni hans i brifi dags. 15. f. m. ad lengja hús pad, er hann á par, um 4 álnir til nordurs, en pá eptir 15 álnir ad næsta húsi og pannig nægi-legt bil milli húsanna.

9. Eptir skrifleyri beidni Sigurdar Bjarnasonar dags. 13. f. m. var fyrir tekid ad mæla út plázz undir kálgard vid bæ hans i Þingholtunum. Var pá þessum bæ og bæ Gudlaugs Þorsteinssonar, sem er áfastur vid bæ Sigurdar, mælt út frá n. til s. 30 álnir og a–v. 35 áln. og er ætlast til ad bæimir eigi nordur fyrir sig 5 áln. og austur fyrir sig i lúni vid lód pá er búid er ad mæla Ólafi Þorkelssyni fyrir nordan hann, en vesturröndin á þessari lód á ad vera i 5 álna fjárlægd frá lód þurri er fylgir hinum svonefnda Valgards bæ.

Frekara eigi fyrirtekid. Fundi sagt slitid.

Eurþónassen Þorsteinsson Þorgrímur Helgi Helgason

671

Ár 1884 h. 21. november ádti byggingarnefndin fund med sér og var par pá tekid fyrir:

1.) beidni dags. 19. p. m. frá Ole Joh. Haldorsen um ad fá útmælingu undir hús fyrir ~~hinn~~ vestan hina nýjar byggjis ad lengd 29 áln. og 14 áln. á breidd, var neitad þaud eigi par var pláz nægilegt fyrir svo stört hús.

2. timburkaupmanni Endresen leyft ad byggja hús

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á eigin lóð fyrir nordan og nedan íbúðarhús
það, er hann ætlar að byggja á grunn þann, er
hann hefir látið brúa til norðanvert við hæknis
göta fyrir vestan hús Skans. Á hús þetta að
vera geymslahús að lengd 9 áln. og breidd 12 áln.
og sem næst að standa í lúni við hús Bene-
dikts Asgrímssonar þar fyrir vestan þannig
að suðurend hús þessa eigi gangi lengra upp
eptir en suðurhlíðin á húsi Benedikts.

3. trésmið Geir Zoëga byft að byggja hús 15 álna
langt og 12 álna breitt í túni þú sunnanvert
við Hlíðarhúsaðtig, er faðir nefnds trésmiðs
Jóhannes Zoëga hefir til erfðafesta af bænum
nud þú grindus faðir beiðandans hafði sam-
þykkt að þessi útmæling, að þú hann snerti,
mætti fram fara. Nefndin mældi þá nordast
og vestast í túni þessu í 5 álna fjarlæjð frá
Gjótgarðinum, er gjeðir tún þetta vestanvert, út
lóð handa G. Zoëga 28 áln. frá N. til S. og 32 áln.
frá A–V. og er ætlast til að húsið súni eiur og
hin húsin er bríið er að byggja sunnanvert
við þennan veg og standi í lúni við þau. þessi
útmæling ligger að ödru leyti undir sampykki
bæjarstjórnarinnar.

4. Runólfi í Steinbæ leyft að byggja timburhus
í nedri húsaröðinni fyrir nordan Hlíðarhúsaveg
fyrir vestan lóð Torfa Þórðarsonar (sjá fund 13. ág. p. á.)
og var lóð sú er honum var útmæld 30 álnir í
hvort hom og vaðar húsið að standa í lúni við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hús þau fyrir austan og vestan það sem búið er þegar að mæla út. Stærð húsnir verður sóðar áhveðinn

5. Skúla Jónssyni tómthúsmanni leyft að byggja steinbæ 10 álna lang. og 8 álna breiðan fyrir austan Brædraborgarveg, er hann verður framlengdur til suðurs, fyrir norðan túngarðinn á Þorgrímsholti þó þannig að ámilli bæjar þeim og bæjaña fyrir vestan þessa nefnda fyrirhugaða framlengingu Brædraborgarvegarinn sein 20 álnir og að bæ Skúla standi 5 alnir frá vegi þessum. Áskilið var að veggimir undir þessum bæ væm (undir) steini, lagðir í kalk, en eigi byggðir úr torfi og grjóti.

6. Bergþóri skipstjóra Þorsteinssyni leyft að byggja timburhús að vestanverðu við Klapparstíg fyrir norðan bæ Þórðar Stefánssonar og var svæðt það sem honum var útmæll 25 álnir und fram gaindum stíg frá n-s og 28 álnir frá a-v. og skyldi húsið standa í 10 álna fjarlægð norður af bæ Þórðar og í 5 álna fjarska frá Klapparstíg í lúm und þeim húsum er búið er að byggja að vestanverðu við veginn.

Frekara eigi fyrirtekið. Fundi slitið

Helgi Helgason. Eldjónsson

Egilsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1885.

672

Á 1885 h. 25. marz átti byggingarnefndin fund med sér og var þar þá tekid fyrir:

1. Kaupmadur Sigurdur Magnússon hafdi í bréfi dags. 23. þ. m. beidst þess ad hann mætti byggja upp ad nýju sölubúd sína í Læknisgötu tvíloptada á samastad og hún stendur adeins med þeirri breytingu ad hún yrdi 24 alns. á lengd í stadinn fyrir nú 25 álns. og 1 alns breidari en hún nú er eda 14 álns. Byggingarnefndin gat eigi fallizt á þessa beidni, en vildi láta víkja vid húsinu þannig ad gatan fyrir framan þad gæti breidkad og húsid lagadi sig eptir bugdu þeirri sem á göhunnar, en vegna þess Sigurdur kaupmadur ekki var heima og Björn Kristjánsson faktor hans, er mætten var vid gjörd þessa fyrir hans hönd, ekki álit sér heimilt ad víkja frá beidninni, var frestad ad gera endilega út um mál þetta uns Sigurdur kaupmadr sjálfr gæti verid til stadar.

2. Beidni kaupmannes (dags. 9. þ. m.) Þ. Ó. Johnson um ad fá ad byggja upp frá nýju nordurhlutann af pakkhúsi þeí, sem stendur inni í gardinum fyrir sunnan sölubúd hans í hafnarstræti, var neitad fyrir þá sök ad þad stendur nú nær húsum verzlunar P. C. Knudtzon & Sön en lögin ákveda, en byggingarnefndin lét þad álit sitt í ljósi ad ekki yrdi þorláki neitad um ad færa vesturhlidina á þessu pakkhúsi út innan í gardinn á hans eigin lód, einn og hann þá gerdi ráð fyrir, en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jafnframt þá er nefndin lætt hann þessa þá tók hún það fram að hann þá að ödru leyti ekki mætti breyta þessu gomla pakkhúsi sínu. Benti nefndin þorláki á hvernig hennar vitist hentugast að breyta fyrirkomulagium á pakkhúsi hans, er hann sagdist þurfa að byggja upp, en hann kvedst mundi yfirvega það nákvæmar. Var þrí ekkert endilegt úr gert um mál þetta að sinni.

Frekar eigi gert. Fundi slitid.

Helgi Helgason Eltsjónasson

Björn Jónsson. Ó Finnsson Kaupranz

Eiríkur Briem.

673

Ár 1885 hinn 27. marts kom byggingarnefndin saman summanvert á tíma Einars Jónssonar sinkkara við hús Ambjarnar Ólafssonar. Var þá tekid fyrir:

1.) Trésmid Gudm. Magnússyni var leyft að byggja hús 12 álna lángt og 11 álna breitt fyrir sunnan hús og lód Ambjarnar Ólafssonar þannig að hann eigi má hafa norðurgaflinn á þessu nær húsi Ambjarnar Ólafsonar en í 38 alna fjarska (nl. fyrst lód Ambjarnar 25 áln. suður frá húsi hans, svo 8 áln. plázz ættað fyrir fyrirhugaða framtengingu á veginum frá læknum upp að Stódlakoti allt upp að þingholts-stræti + 5 áln. fyrir sunnan þennan fyrirhugaða veg) og á hús þetta að standa í beina línu við hús Ambjarnar og hin önnur hús neðanvert við þingholts-stræti. Að ödru leyti var beiðandanum tjáð að útmæling þessi lægi undir samþykki bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnarinnar og ad beiðandinn, ef bæjar-
stjórnin samþykkti útmælingunna og á síðan
Amtið, þá gæti beiðandinn fyrir lóðina að
gjalda eigande tímsins Einari Jónssyni fyrir
hana eptir mati óvilhallra manna, nema
ef þeir sjálfir gætu komið sér saman um
verð fyrir hana. Einnig var það tekið fram við
beiðandann að hann eigi mætti láta hús þetta standa
nær túni Jóns Árnasonar fyrir þunnan það en í 5 álna
fjarlægð, nema Jón gæfi leyfi til þess að það mætti
vera nær túni hans. Beiðni Guðm. um útmæl. dagst. 18/2. 85

2. Nikulási Sigvaldasyni samkvæmt beiðni 1. Dec. f. á.
leyft að fá lóð þá er Þorsteini Bjarnasyni áður
hefir verið útmæld (sjá fund 19. septemb 1883.) en
en Þorsteinn aptur hafði afsalað sér fyrir norðan
steinhús Jónasar Guðbrandsonar í Þingholtum og
sudur af Bergstaðavegínum að norðanverðu.
Hús það er Nikulás þar vill byggja úr steini er
áformað að verði 9 × 7 álnir.

Frekara eigi gert. Fundi slitið

Eltsjónassen. Björn Jónsson

P. Einnen Eiríkur Briem. Helgi Helgason

674

+ Ár 1885 hinn 7. apríl kom byggingarnefnd-
in saman hjá verslunarhúsum J. P. Bryde í kaupar-
stræti. Faktor Ólafur Ámundason beiddist þá fyrir
hönd grindr J. P. T. Bryde stórkaupmanns sam-
þykkir byggingarnefndarinnar til þess að hann
mætti lengja sölubúð sína í viðbót við það, er hon-
um var leyft 24. sept. þ. á. um 6 álnir inn á stakk-
stæði verslunar Steingrims Johnsens, en þessa lóðar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

spildu hefdi hann keypt af Johnsen. Hid umbidna var samþykkt af byggingarnefndinni.

Fundi slitid

Ellsjónassen. Björn Jónsson

P. Pinier Helgi Helgason

Rosenkranz

675

Ár 1885 hinn 10. apríl var fundur haldinn af byggingarnefndinni og var þá fyrritekid:

1. Jens Jóhannessyni útmæld lóð í holtinu austur af Vegamótabrú fr. N–S. 35 álnir og A–V. 28 álnir milli húsa Þorsteins Narfasonar og Gudna Gudnasonar og var honum á þessari lóð leyft ad byggja steinhús sem sé ad stærd 8 × 6 álnir og stand: í lúm vid nefnd ~~tit~~ 2 hús í 10 álna fjarlægd austur af þeir fyrrnefnda húsi og snúi einn.

2. Jóni Amljótssyni (tkeggalwerfi) (í Hlíd) leyft ad hann mætti slækka kálgard sinn med þeir ad færa austur-vegg hans út um 6 álnir.

3. Gísla Björnssyni vid Steinstadastíg eptir beidni hans leyft ad byggja vid nordushúsenda á íbúdarhúsi hans par, sem er 9 álna breitt, geymsluskúr 4 álnir á lengd.

Frekara eigi gert. Fundi slitid.

Helgi Helgason Ellsjónassen. Björn Jónsson

P. Pinier Rosenkranz

676

Ár 1885 hinn 17. apríl kom byggingarnefndin saman hjá húsum bakara Bernhöfts í Ingólfsbrekku samkvæmt beidni hans í bréfi dags. 11. p. m. og var honum

þá leyft að byggja viðbót við norðurenda húsi-
sínr út að Bakara-stígnum 7½ al. á lengd og
jafnbreitt húsinu, er hann ætlar fyrir brauð-
sölubúð. Er svo til ætlast að 5 álna bil verði frá
sydri renum-hliðinni fyrir norðan viðbót þessa að
norðurhlið hússins einr og það nú verður eptir þessa
fyrir-hugaðu stækkun þess.

Frekara eigi gert. Fundi slitið.

Eltrjónanen O. Finnen Eiríkur Briem.

Björn Jónsson [illegible]

677

Ár 1885 hinn 27 apríl var fundur haldinn af bygg-
ingarnefndinni eptir áskorun frá formanni nefndarinnar
í fundarboði sama dag.

1. Byggingarnefndin kom þá saman hjá húsinu kaup-
manns J. P. Bryde í Hafnarstræti til þess að skoða
byggingu þá, er hann er að láta rísa við austurenda
sölubúðar sinnar þvert fyrir austurgafl hennar (~~gömlu~~
~~sölubúð~~) tvíloptaða, en með þú hann að einr
hjá nefndinni og Amtinu hafði fengið leyfi til að
„framlengja til austurs" sölubúð sína, en ekki til þess að
byggja byggingu, einr og nú er orðið, þvert fyrir
austurgafl sölubúðar sinnar, þá var nefndin í
einu hljóði á þú að ekki mætti halda áfram að
fullgera þessa bygginga í þú formi, sem byrjað er,
og bannaði þú formaður byggingarnefndarinnar
faktor Brydes Ólafi Ámundasyni að svo stöddu
að láta halda áfram byggingunni unz hann partit

hefdi leyfi byggingarnefndar og Amtsins.

2. Nefndin kom saman á lóð kaupmanns Sigurðar Magnússonar í Lækningötu (sjá fund 25. marz p. á.) til þeri nákvæma að ákveða hvernig hús það er hann þar ætlar að byggja eigi að standa og var þá samþykkt að hann mætti byggja tvíloptað hús af greindri stærð (sjá fund. 25/3.), en húsið skyldi liggja með götunni þannig að útnorðurhorn hússins færist út, en landsuðurhorn þeri inn, svo að húsið þar að eins verður í 3 álna fjarlægð frá óbyggðri lóð herra Egilsons, sem partit hefir gefið samþykkt sitt. Einnig á landnorðurhorn hússins að vera snúth og engin trappa frá innsgöngudyrunum út á götuna, heldur að eins lágur steinn og trappan svo að vera inn í sneiðingunni.

Fundar eigi fyrstekið. Fundi slitið.

Ettr Jónassen

Björn Jónsson Kaupmanns Ó. Þorsteinn Sigurðurt Magnússon

Eiríkur Briem Helgi Helgason

678

Ár 1885 hinn 2. mai kom byggingarnefndin saman hjá húsinu kaupmanns J. P. T. Brydes eptir skrifleges fundarboði formannsins til þeri að ákveða hvernig bygging sú, er þar er veint að byggja, eigi að vera með þí að áfrumhald hennar var stöðvað af byggingarnefndinni 27 f.m. (sjá fund s.d.). D. Petersen yfirfaktor

Bryde verzlunar, sem sídan er kominn hingad til bæjarins beiddist þess ad byggingin mætti snída, einir og búid er ad rusta hana, med gafla til nordurs og sudurs, en bandst um leid til þess ad láta gera þá breytingu ad sneida skyldi af enda beggja gaflanna efstu hornin á þakinu svo þakid gengi upp skáhallt frá hanabjálkunum. Á þessa beidni Petersen vilde 2 af byggingarnefndinni fallast med sérstaklegu tilliti til þess ad Bryde er innan skammt hin gömlu þakkhús hans yrdi byggd upp ad nýju, hús, er svaradi til þessarar nýju byggingar, vestanvert vid sölubudina yrdi rist einir og þetta, er nú væri verid ad byggja austanvert vid búdina, þannig ad fullkomin sámkvæmi („Symmetri") kæmi fram í allri byggingu verzlunar Bryde nordanvert vid Hafnarstræti. Kvadst Petersen vilja styðja ad þessu vid Bryde en tók þad þó fram ad honum eigi væri heimilt ad gefa nett slíkt loforð. Hinir adrir 4 medlimir nefndarinnar vilde eigi samþykkja framanskrifada beidni Hr. Petersen, en kröfdust þess ad sperrunum á hinni reista húsi yrdi snúid vid svo ad gaflarnir snerus austur og vestur einir og á hinni gömlu sölubúd þannig ad þessi nýja bygging yrdi „framlenging" af henni til austurs, einir og hefdi verid bedid um upprunalega og bædi nefndin og amtid hefdi samþykkt, en leyfdi jafnframt ad Bryde mætti byggja kvist eda framskot á nordurhlid þaksins til þess ad geta haft þar efst upp vél eda hjól til ad vinda upp góz med uppá loptin í húsinu. Petersen yfirfaktor vom sjád þessi úrslit nefndarinnar um hvernig haga ætti áframhaldi á byggingu nefnds húss.

Frekara eigi fyrirtekid. Frundi slitid

Helgi Helgason. Björn Jónsson. O. Finsen Eirikur Briem. Eltr Jónassen [illegible]

679

Áa 1885 hinn 4. mai kom byggingarnefndin saman og var þá tekid fyrir:

1.) Þorl. Ó. Johnson kaupmanni var leyft ad bygja nordur eptir (inn í gard hans) part þann af hinn gamla þakkhúsi á austanverdri lód hans, er byggdi upp í fyrra þannig ad hús þetta alls verdi á lengd frá N. til S. 14½ al. og á breidd 9 áln og 17 þumlunga; einnig var honum leyft ad byggja hús þetta tvíloptad, en láta þakid á bádum gófluum vera sneitt fra veggjum svo þad liti líkt ut og þakid á nýja barnaskólanum.

2. Docent sira Helga Hálfdanarsyni leyft ad byggja á eigin lód fyrir nordan íbúdarhús sitt á Amarhólslód geymslutnúr fyrir hey 8 álna langt og 6 álna breitt og er svo tit ætlast ad gaflar á húsi þessu snúi nordr og sudr og vesturhlid þess standi í beinni línu vid vesturgafl á íbúdarhúsi síra Helga, en gangi ekki langra fram.

Fundi slitid

Ellsjónassen Helgi Helgason Björn Jónsson
Eiríkur Briem. [signature]

680

Á 1885 hinn 8. Mai átti byggingarnefndin fund med sér og var þar þá tekid fyrir:

Herra alþingismanni Egilson sámkvæmt beidni hans í bréfi dags. 5. þ. m. leyft ad byggja timbur-geymslutnús á lód kalkofnsins á Amarhólslód 18 álna langt og 14 álna breitt, rétt upp af Lækjarósnum, er skyldi snúa gófluum frá N.-S. og liggja med vegi þeim eda stíg, er gangur

austanvert vid Lækjarósinn út og norður að Kalkofninum. Þess skal getið að Egilsson tjáði byggingarnefndinni að hann hefði leyfi landshöfðingjans sem lóðar-umráðanda til þess að mega láta byggja á grundum stað.

Frekara eigi gert. Fundi slitið.

Eltsjónassen Helgi Helgason. Björn Jónsson.

681

Ár 1885 hinn 19. Mai átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir:

1. Guðmundi Jónssyni tóm thúsinamni á Brekku var áhnæld lóð fyrir vestan Bakkastíg 25 álnir frá N.–S. með fram góhunni á lengd, en á breidd frá austri til vesturs 41 alin, og er efri endi lóðarinnar aðeins 18½ alin á lengd frá N. til S. Á þessari lóð leyfir byggingarnefndin að Guðmundur megi byggja Steinhús (steinbæ) með jámþaki, er sé 11 álna langt og 7 álna breitt, í 10 álna fjarlægð suður af bæ Hans Gísla Jónssonar þannig að af þessu 10 álna millibili tilheyri 3 áln. Guðmundi en 7 álnir Hans; milli suðurenda lóðar þessar ar og Gardahúsastígs er ætlast til að sér 2 álnir, sem bæinn eigi vill afsala sér, þarað í ráði er að breiðka með tímanum þennan stíg.

2. Helga tríssmið Helgasyni var leyft á eigin lóð í þingholtsstræti að byggja áfast við suðurgafl smíðahúss síns fjós úr timbri 4 álnir á hvem vegi hafa nágrannarnir bæjarfógeti E. Th. Jonassen og M. Stephensen samþykkt að hús þetta megi byggja fast upp að þeirra lóð. Meira

var eigi gert. Fundi sagt slitid.

Eltsjónassen Helgi Helgason

Björn Jónsson Eiríkur Briem. P. Pernen

Rörenkranz

682

Ár 1885 hinn 20. júní-mánad. hélt byggingarnefndin fund med sér og var pá par tekid fyrir:

1. Eptir beidni dags. 19. júní var Torfa Porgrímssyni prentara á eigin lód vid Skólavórdustíg leyft ad byggja fyrir vestan og nedan hús sitt hús 14 álna langt og 10 álna breitt. Allt plázid milli húss Torfa nú og næsta húss fyrir vestan pad, sem er steinhús Magnúsar Gudnasonar, er ~~ad~~ lengd 29 álnir, en pá 19 álnir er Torfi getur byggt á, en hann óskar ad pitta nýja hús, er hann nú hefir í áformi ad byggja ad eins sé í 5 álna fjarlægd frá hans eigin húsi og sökum pess ad svo er til ætlast ad hid nýja hús verdi (s: pentverk) verksmidja, parsem farid verdi med eld, álit mitt hluti byggingarnefndarinnar pad rettast ad láta pad vera kemid undir úrskurdi Amtsins hvort Torfi hefdi leyfi til ad byggja á fyrr sagdan hátt edu ekki, pared peir vorn í óvissu um, hvor væri rettur skilanigr lagaanna um millibilid.

2. Sigurdi Arnasyni trésmid í Pingholtsstræti leyft samkvæmt beidni hans í bréfi dags. 26. f. m. ad lengja hús sitt til sudurs um 5 álnir. Kvadst hann hafa leyfi Jóns Árnasonar bókavardar til pess ad mega byggja nær lód hans (s: tíuni hans) en í 5 alna fjarlægd.

3. Var lagt undir álit byggingarnefndarinnar bónarbrif, sem Landshöfdingiun yfir Islandi hafdi lagt fyrir byggingarnefndina frá herra alpingismanni

Egilson fyrir ~~at~~ hönd skipherra Christjánsens um at mega leggja papp-þak á geymslnhús, er hann hér hafi byggt. Byggingarnefndin vill þá taka þat fram at tilskip. 14. febr. 1874 § 8 ljóslega sýni at pappþak eigi er talit eldfast þak og þar sem byggingarnefndin þess vegna eigi álítur æskilegt at slík þök, þó ekki sé nema á útihúsum, verdi hér upp tekin, getur hún ekki né vill leggja þad til at Christjansen timburkaupmanni verdi leyft at leggja papp-þak á geymslnhús þad, sem hann er ad byggja, endaþótt hús þetta standi mjög afskekkt, at minnsta kosti eigi fyrir lengri tímabil en 2 ár. At þú er snertir þad atvidi í brifi Egilsons at gert mani verda fyrirspurn til „Kjöbstædernes Brand-forsikkring" vid úrkjandi þú hvort „Steentagpap" sél eldfastur álitinn, þá bad brunamalastjóri O. Finsen bókad at hann eigi hefdi lofad at gera slíka fyrirspurn, en at hann hefdi sagt vid hlutadeigendur at þeir gætu sjálfir gert þá fyrirspurn, ef þeir vildu.

Frekara eigi fyrir tekid.

Helgi Helgason. Fundi sagt slitid

Bordvarang. O. Finsen Eltr. Jónassen

683

Ar 1885 hinn 6. júli var haldin fundur af byggingarnefndinni og var þar þá tekid fyrir:

Kristjáni bóksala Þorgrímssyni var leyft at lengja til suðurs pakkhús sitt, er stendur á hans eigin lód, um 10 álnir (breidd þess em 8 álnir).

Frekara eigi gert. Fundi slitid.

Helgi Helgason Eltr. Jónassen

Bordvarang. O. Finsen

684 X

Ár 1885 hinn 17. júlí var fundur haldinn af byggingarnefndinni og var þar þá tekid fyrir:

1.) Eptir beidni bæjarstjórnarinnar var mælt út pláz sydst á barnaskólalóðinni med Austurstræti í finnu álna fjarlægð frá lóð Smiths verzlunar gagnvart húsi biskups P. Pjeturssonar undir leikfimishús handa barnaskólanum 16 aln. á lengd og 12 á breidd. Á hús þetta ad standa 14½ fet frá barminum á ræsinum, svo það standi í línu við hús hlutafélagsnir vestar í götunni.

2. Julius Schön bidur í bréfi dags. 9. f. m. um ad sér verdi át mælt pláz til þess ad byggja hús á fyrir vestan spróitahúsid við Tjörnina. Nefndin áleit ad eigi ætti ad byggja hús ad svo stöddu ueda væri það lóð tilheyrandi alþingishúsinn ad nokkru leyti þaud hún ætti lóð fast ad vatninu í Tjörninni einn og vatnid nú nær.

3. Jónási Jónssyni samkvæmt beidni hans í bréfi dags. 8. p. m. leyft ad byggja steinvegg undir suðurhlid bæjarins Smidjuholts við Vegamótabrú og ad stækka skúr þann, sem verid við dyrnar á suðurhlid bæjarins.

4. Gesti Vigfússyni í Ánanaustum neitad um ad fá blett fyrir nedan Kálgard, er liggur fyrir nedan lóð Pjeturs Gístasonar, med þí ad hugsad hafi verid ad leggja veg fyrir sunnan Gardhús af Bakka-vegi og vestur yfir þunnan umbeidna blett.

Frekara eigi gert. Fundi slitid.

Eltrjónassen Helgi Helgason O. Finnen

E. Briem

685

Ár 1885 hinn 1. ágúst átti byggingarnefndin í Reykjavík fund med sér og var þá tekid fyrir:

1. Jónasi Jónssyni leyft ad byggja hús þar sem nú standur bær hans Smidjuholt vid Vegamót af sömu stærd ad ödru leyti en þú ad þad verdr 1 alin breidare og skal húsid standa sem nærst verdr í sömu línu og húsin fyrir austan og vestan þad med veginum

2. Pjetri Bjerring eptir beidni hans leyft ad byggja Gyrusluskúr vid austurgaflinn á ibúdarhusi þínu vid Vegamótabrú 2½ al. á breidd en 9 áln. á lengd og leyfdi Jónas Jónsson nábúi hans, er var vidstaddr ad Bjerring mætti byggja skúr þennan nær lód hans óbyggdri en í 5 álna fjarlægd.

3. Gudm. Gudmundssyni í bréfi dags. 29. f. m. leyft ad lengja hús sitt vid Vegamótabrú 6½ alin til vesturs (breiddin er: 10 áln.) og verdr þessi vidbót byggd úr bindingi.

Frekara eigi gert. Fundi slitid.

Helgi Helgason

Ellsjónasson

Ottmer

686

Ár 1885 hinn 5. august átti byggingarnefndin fund med sér ad Brekkubæ og var þar þá tekid fyrir eptir beidni frú Sigríd-ar Magnússonar frá Cambridge í bréfi dags. s. d. ad mæla út lód undir hús, er hún tjáist ætla ad byggja á lód Brekkubæjar hér í bænum, eign hennar, en þared ekki reyndist ad þar væri nægilegt plázz fyrir svo stórt hús, eins og hún hefir í áformi ad byggja þar, nfl. 33,6 fet á lengd og 31,6 fet á breidd, þegar gæta skal hins

lögskipada millibils til nágrannahúsanna á alla vegi, þá neitadi byggingarnefndin ad fyrirtaka hinn umbiedum útmælingar eda sá ser eigi fært ad veita hana.

Fundi slitid

Eltsjónassen Helgi Helgason Björn Jónsson
Rörnkranz Ofsmen

×

687

Ár 1885 hinn 12. ágúst átti byggingarnefndin fund med sér ad Brekkubæ eptir biedni frú Sigríðar Einarsdóttur frá Cambridge til þess ad ákveda med hverju móti húsi þó, er hún hefir í áformi ad byggja á lód nefndi bæjar, sem hún á verdi þar fyrir komid. Husid, er á ad vera á breidd 15¾ al. og á lengd 16¾ al og ætlast er til ad sínir göflum í N. og S. og liggi med fram (gotumni fyrir vestan Brekkubæ) (Gothúsastig) ad austanverdu í línu vid hús kaupmanns V. Breidfjörds ad sunnan og bakara Jensen ad nordan, getur þó ad eins stadid á Brekkubæjarlód ad annadhvort frú Sigríðar Einarsdóttur fái þó komid til leidar ad ekkju Gudrúnar Kristjánsdóttur í Kristjánshusi, er byggt hefir fast upp ad nefndri lód fyrir nedan, nemi af nordvesturhorni húss sínu þannig ad 10 álnir verdi milli sudaustahornsins á þessari fyrirhugudu byggingu Sigríðar frú Einarsdóttur og nordvesturhornsins á húsi Gudrúnar Kristjánsdóttur og þarf ~~hún~~ þá ad nema burt af vesturhlid hússins frá tédu horni 3 álnir 16 þuml. og af nordurhlidinni 1 al. 19 þuml., eda þá ~~ad~~ frú Sigríðar verdr ad sneida af sudaustarhorni sínu húss 3½ fel, þó, eins og nú er, vadur millibilid frá nordvesturhorni Kristjánshúsi

at suðurausturhorni á húsi þú, er reisa á á Brekkubæjarlóð ~~at eins~~ 16½ fet (= 8 áln. 6 þuml.).

Þessi ákvæði byggingarnefndarinnar, er liggja undir samþykki Amtsins, til þess at hafa fullt lagagildi, vom gert hlutaðeigendum kunnug.

Fundi slitið

Helgi Helgason. Eltsjónasson

O. Finnsen Eiríkur Briem.

688

Ár 1885 hinn 3. septemb. átti byggingarnefndin fund með sér og var þar tekið fyrir:

Eptir beiðni tómthúsþmanns Björns Björnsþonar á hitlavelli í bréfi dags. 1. sept. þ. á. var honum leyft at rífa bæ sinn og byggja hann upp aptur með steinveggjum og járnklæddu þaki þannig at suðurhlið bæjarins standi í beina línu við suður-austurhorn bæjarins Nýlendu og suðurhlið á húsi Jóhanns Guðmundsþonar þar fyrir austan. Bærinn á at vera á lengd 12 ~~ál.~~ og breidd 8 áln.

Fundara eigi fyrirtekið. Fundi sagt slitið.

Eltsjónasson

Helgi Helgason O. Finnsen Rönnenkranz

689

Ár 1885 hinn 14. september átti byggingarnefndin fund með sér og var þá fyrirtekið: eptir beiðni Egils Gunnlaugsþonar í Arabæ í bréfi dags. 6. þ. m. ~~at~~ var honum leyft á eigin lóð í kálgarði sínum vestanvert við Göthúsaðtég at byggja timburhús 10

ähnir á hvern veg fyrir nordan hús hattara Hausen þannig ad þad standi í 10 álna fjarlægd frá húsi hans og sörnuleidis í 10 álna fjarlægd frá húsi frú Sigríðar Einarsdóttur andspænis. Húsid á ad snúa göflum í nordur og suður.

Frekara eigi gert.

Fundi slitid

Helgi Helgason. Elt Jónasson Eiríkur Briem.

hingad lódarvj. stúrin Rönnerangs Björnsson.

690

Ár 1885 hinn 24. Oktober átti byggingarnefndin fund med sér og var þá tekid fyrir:

1. Birni Gudmundssyni múrara í Þingholtsstræti var samkvæmt beidni hans í bréfi 21. p. m. leyft ad lengja geymsluhúr á eigin lód hans um 10 álna til nordurs, vedr þessi viddót vid húsid, er annars er úr steini, ur tré; húsid er á breidd = 8½ al.

2. Samþykkt ad Benedikt Jónssen, einr og hann hefir þá skýrt í bréfi dags. 8. p. m. ad hann hafi í hyggjun, ad þarlit fengnu leyfi handshöfdingja, ad hann megi byggja hús med steinveggjum og jarnþaki nyrdst á Arnarhólslód fyrir vestan Sölfhól fast nidr á sjáfarbakka. Hús þetta er á stærd:

